

Vefrit fjármálaráðuneytisins

2. júlí 2009

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-maí 2009

[Greiðsluuppgjör ríkissjóðs](#) fyrir fyrstu fimm mánuði ársins 2009 liggur nú fyrir. Samkvæmt uppgjörinu er handbært fé frá rekstri neikvætt um tæpa 37 milljarða króna, sem er 72,4 milljörðum lakari útkoma heldur en sama tímabil í fyrra.

Innheimtar tekjur ríkissjóðs á fyrstu fimm mánuðum ársins voru rúmlega 172 ma.kr. sem er um 22 ma.kr. minni tekjur en á sama tíma árið 2008. Munar þar mest um lægri skatta á vöru og þjónustu. Skatttekjur og tryggingagjöld námu rúmlega 149 ma.kr. sem endurspeglar 16,6% samdrátt að nafnvirði eða 29,6% að raunvirði miðað við hækku almenns verðlags (VNV án húsnæðis). Þá jukust aðrar rekstrartekjur ríkissjóðs umtalsvert frá sama tíma árið 2008 en þar skýra auknar vaxtatekjur meginmuninn.

Skattar á tekjur og hagnað námu rúmlega 71 ma.kr. og drógust saman um 4,1% að nafnvirði samanborið við fyrstu fimm mánuði ársins 2008. Þar af nam tekjuskattur einstaklinga rúmum 36 ma.kr., tekjuskattur lögaðila tæplega 7 ma.kr. og fjármagnstekjuskattur um 28 ma.kr.

Innheimta almennra veltuskatta nam rúmlega 57 ma.kr. á tímabilinu og dróst saman um 28,2% að nafnvirði á milli ára eða 39,4% að raunvirði (m.v. hækku VNV án húsnæðis). Þegar lítið er á 4 mánaða meðaltal er raunlækkunin á milli ára 40,2%, eins og sjá má á myndinni. Virðisaukaskattur nam tæplega 39 ma.kr. á fyrstu fimm mánuðum ársins og dróst saman um 18 ma.kr. frá sama tíma 2008. Virðisaukaskattur í maímánuði, sem kemur að mestu af innflutningi á 2. virðisaukaskattstímabili ársins, þ.e. mars og apríl, nam aðeins tæplega 2 ma.kr. Þessi óvenjulága fjárhæð skýrist af áhrifum breyttra reglna um gjaldþaga skattsins sem tóku gildi í mars sl. og gilda til ársloka. Samkvæmt þeim kom aðeins þriðjungur virðisaukaskatts á tímabilinu til greiðslu í maí en hinir tveir þriðjungarnir í júní og júlí. Hvað aðra helstu liði veltutengdra skatta varðar er samdrátturinn milli ára mestur í vörugjöldum af ókutækjum eða yfir 90%.

Greidd gjöld nema 209,1 milljarði króna og hækka um 50,0 milljarða frá fyrra ári, eða um 31,5%. Milli ára hækka útgjöld mest til almennrar opinberrar þjónustu um 18,5 milljarða, þar sem vaxtagreiðslur ríkissjóðs skýra 15,9 milljarða. Þá hækka útgjöld til almennatrygginga og velferðarmála um 15,4 milljarða sem skýrist að mestu með 9,6 milljarða króna hækku útgjalda Atvinnuleysistryggingasjóðs á milli ára, 2,2 milljarðar vegna útgjalda lífeyristrygginga sem hækka um 12,4% og barnabótum sem hækka um 963 milljónir króna milli ára. Útgjöld til menntamála aukast um 1,8 milljarða króna þar sem útgjöld til Háskóla Íslands aukast um 788 milljónir króna og útgjöld til Lánasjóðs íslenskra námsmanna aukast um tæpar 500 mkr. milli ára. Breytingar í öðrum málaflokkum eru svo minni en þær sem áður hafa verið taldar.

Raunbreyting skatttekna og tryggingagjalda og skatta á vöru og þjónustu (m.v. VNV án húsnæðis og 4 mánn. hlaupandi meðaltal)




Lánsfjárfjöfnuður ríkissjóðs er neikvæður um 32,9 milljarða króna í maí á móti 9,5 ma.kr. jákvæðum lánsfjárfjöfnuði á sama tíma í fyrra. Hreinn lánsfjárfjöfnuður var neikvæður um 31,6 milljarða króna og lækkar um 59,1 milljarða milli ára sem skýrist með lækkun á handbæru fé frá rekstri. Frá áramótum hefur ríkissjóður selt ríkisbréf fyrir um 88,4 milljarða og lækkað stofn ríkisvixla um 13,6 milljarða. Þá tók ríkissjóður lán frá Færeypjum í mars að fjárhæð 300 milljónir danskra króna, jafnvirði 6,4 milljarða íslenskra króna. Á móti námu afborganir 1,3 milljarði króna sem skiptist jafnt á milli spariskírteina og annarra lána ríkissjóðs.

Vöruskiptin í júní

Samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofunnar nam innflutningur vöru 32 ma.kr. (fob) í júní sem er eilítið meiri innflutningur en í maímánuði þegar hann nam 31,3 ma.kr. Útflutningur vöru nam 40,8 ma.kr. og eykst á milli mánaða en hann nam 38,7 ma.kr. í maí. Afgangur á vöruskiptunum við útlönd er 8,8 ma.kr. í júní og 33 ma.kr. það sem af er ári. Á fyrri hluta sl. árs var aftur á móti halli á vöruskiptum við útlönd sem nam 24,4 ma.kr.

Staðvirtur vöruinnflutningur án skipa og flugvéla janúar 2004 – júní 2009



Það sem helst skýrir aukinn innflutning í júní eru hrá- og rekstrarvörur, en innflutningur á þeim vörum er sveiflukenndur á milli mánaða. Einnig er nokkur aukning á innflutningi fólksbifreiða miðað við undanfarna mánuði sem er tilhneiging á þessum árstíma þótt innflutningur bifreiða sé mun minni í júní í ár en í sama mánuði á undanförunum árum. Einnig er aukning í innflutningi á mat- og drykkjarvöru en þessi liður er óteyginn til skamms tíma og dregst því lítið saman að magni til þótt verð hækki á meðan tekjur hafa staðnað. Þá skýrir lækkun á gengi krónunnar aukningu innflutningsverðmætisins á undanförunum mánuðum.

Líkt og í maí er verðmæti útfluttra sjávarafurða með besta móti í júní. Lággt gengi krónunnar kemur sér vel fyrir sjávarútveginn og vegur upp mikla verðlækkun íslenskra sjávarafurða í erlendri mynt það sem af er ári. Annar útflutningur og þar á meðal útflutningur áls er óbreyttur frá því í maímánuði.

Á fyrri hluta ársins 2009 hefur vöruútflutningur dregist meira saman að magni til en miðað var við í þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins sem birt var 12. maí sl., m.a. vegna meiri samdráttar í útflutningi sjávarafurða. Á móti kemur að vöruinnflutningurinn hefur dregist meira saman en ætlað var og á það við um hvort tveggja almennan og sérstakan vöruinnflutning. Samanlagt má nú gera ráð fyrir að afgangurinn á vöruskiptunum í ár verði meiri en spáð var í vörspánni.

Sumarfrí

Vefrit fjármálaráðuneytisins kemur næst út fimmtudaginn 13. ágúst



Tekjur ríkissjóðs janúar – maí		Gjöld ríkissjóðs janúar – maí		Afkoma ríkissjóðs janúar – maí		Ýmsar hagtölur			
12 mánaða breyting (%)	2008	2009	12 mánaða breyting (%)	2008	2009	12 mánaða breyting (%)	2008	2009	
Skatttekjur og trygg.gjöld	6,9	-16,6	Almenn opinber þjónusta	11,9	79,9	Milljónir króna			
Skattar á tekjur og hagnað	11,4	-4,1	Heilbrigðismál	8,5	18,2	Handbært fé frá rekstri	29.889	-39.709	
Eignarskattar	-21,0	-41,8	Alm.trygg. & velferðarmál	9,3	42,7	Hreinn lánsfjárfjöfnuður	27.538	-31.599	
Skattar á vöru og þjónustu	3,9	-28,2	Efnahags- og atvinnumál	6,8	22,8	Afborgun lána	-16.341	-1.345	
Tryggingagjöld	4,9	-10,4	Menntamál	9,7	10,3	Brúttó lánsfjárfjöfnuður	9.547	-32.944	
Tekjur alls	3,9	-11,5	Gjöld alls	9,0	31,5	Lántökur	9.233	81.773	
						Breyting á handbæru fé	18.780	48.829	
						Verðbólga (júní)		12,7	12,2
						Kjarnaverðbólga (júní)		11,0	12,8
						Launavísitala (maí)		7,9	4,1
						Heildarvelta (jan.-feb.)		10,0	-19,3
						Smásöluvelta (jan.-feb.)		7,3	-17,5
						Atv.leysi, árst.leiðr. (maí)		1,0	8,6